

	<b>I EES-STOFNANIR</b>	
	<b>1. EES-ráðið</b>	
	<b>2. Sameiginlega EES-nefndin</b>	
	Til lesenda . . . . .	1
<b>2008/EES/58/01</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2008 frá 6. júní 2008 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn . . . . .	1
<b>2008/EES/58/02</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2008 frá 6. júní 2008 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn . . . . .	3
<b>2008/EES/58/03</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2008 frá 6. júní 2008 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn . . . . .	5
<b>2008/EES/58/04</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2008 frá 6. júní 2008 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn . . . . .	7
<b>2008/EES/58/05</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2008 frá 6. júní 2008 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn . . . . .	9
<b>2008/EES/58/06</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2008 frá 6. júní 2008 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn . . . . .	11
<b>2008/EES/58/07</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2008 frá 6. júní 2008 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn . . . . .	12
<b>2008/EES/58/08</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2008 frá 6. júní 2008 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn . . . . .	13
<b>2008/EES/58/09</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2008 frá 6. júní 2008 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn . . . . .	14
<b>2008/EES/58/10</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2008 frá 6. júní 2008 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn . . . . .	15
<b>2008/EES/58/11</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2008 frá 6. júní 2008 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn . . . . .	16
<b>2008/EES/58/12</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/2008 frá 6. júní 2008 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn . . . . .	18
<b>2008/EES/58/13</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2008 frá 6. júní 2008 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn . . . . .	19

<b>2008/EES/58/14</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2008 frá 6. júní 2008 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn. ....	21
<b>2008/EES/58/15</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/2008 frá 6. júní 2008 um breytingu á bókun 30 við EES-samninginn, um sérstök ákvæði varðandi skipulagningu samvinnu á sviði hagskýrslugerðar .....	23
<b>2008/EES/58/16</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2008 frá 6. júní 2008 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins. ....	27
<b>2008/EES/58/17</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2008 frá 6. júní 2008 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins. ....	28
<b>2008/EES/58/18</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2008 frá 6. júní 2008 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins. ....	29
<b>2008/EES/58/19</b>	Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar sem öðlast hafa gildi eftir að stjórnskipulegum skilyrðum hefur verið fullnægt samkvæmt 103. gr. EES-samningsins. ....	30

**3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin**

**4. Ráðgjafarnefnd EES**

**II EFTA-STOFNANIR**

**1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna**

**2. Eftirlitsstofnun EFTA**

**3. EFTA-dómstóllinn**

**III EB-STOFNANIR**

**1. Ráðið**

**2. Framkvæmdastjórnin**

**3. Dómstóllinn**

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

### TIL LESENDA

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2008 var afturkölluð áður en hún var samþykkt og því myndast eyða í númeraröðinni.

### ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 60/2008

2008/EES/58/01

frá 6. júní 2008

### um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2008 frá 25. apríl 2008 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/852/EB frá 13. desember 2007 um breytingu á ákvörðun 2005/5/EB að því er varðar samanburðartilraunir og -prófánir á vegum Bandalagsins á fræi og fjölgunarefni *Asparagus officinalis* samkvæmt tilskipun ráðsins 2002/55/EB <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/853/EB frá 13. desember 2007 um að halda áfram á árinu 2008 samanburðartilraunum og -prófunum á vegum Bandalagsins, sem hófust árið 2005, á fræi og fjölgunarefni *Asparagus officinalis* samkvæmt tilskipun ráðsins 2002/55/EB <sup>(3)</sup>.
- 4) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*I. gr.*

Ákvæði 2. hluta III. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í 39. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/5/EB):  
„eins og henni var breytt með:  
– **32007 D 0852**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/852/EB frá 13. desember 2007 (Stjtið. ESB L 335, 20.12.2007, bls. 57).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 50. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/66/EB):  
„51. **32007 D 0853**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/853/EB frá 13. desember 2007 um að halda áfram á árinu 2008 samanburðartilraunum og -prófunum á vegum Bandalagsins, sem hófust árið 2005, á fræi og fjölgunarefni *Asparagus officinalis* samkvæmt tilskipun ráðsins 2002/55/EB (Stjtið. ESB L 335, 20.12.2007, bls. 59).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 223, 21.8.2008, bls. 37, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 21.8.2008, bls. 10.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 335, 20.12.2007, bls. 57.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 335, 20.12.2007, bls. 59.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2007/852/EB og 2007/853/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júní 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júní 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Alan Seatter***

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 61/2008****2008/EES/58/02****frá 6. júní 2008****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við  
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2008 frá 25. apríl 2008 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/62/EB frá 4. október 2007 um breytingu á tilteknum viðaukum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE og 90/642/EBE að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir bifenasat, petoxamíð, pírimetaníl og rímsúlfúrón <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/73/EB frá 13. desember 2007 um breytingu á tilteknum viðaukum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE og 90/642/EBE að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asetamípríð, atrasín, deltametrín, ímasalíl, indoxakarb, pendímetalín, pímetrósín, píraklóstróbín, þiaklópríð og trífloxystróbín <sup>(3)</sup>.
- 4) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

1. Eftirfarandi undirliðir bættist við í 38. lið (tilskipun ráðsins 86/362/EBE) og 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:  
„– **32007 L 0062**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/62/EB frá 4. október 2007 (Stjtið. ESB L 260, 5.10.2007, bls. 4),  
– **32007 L 0073**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/73/EB frá 13. desember 2007 (Stjtið. ESB L 329, 14.12.2007, bls. 40).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2007/62/EB og 2007/73/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júní 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 223, 21.8.2008, bls. 40, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 21.8.2008, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 260, 5.10.2007, bls. 4.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 329, 14.12.2007, bls. 40.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júní 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Alan Seatter***

formaður.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 62/2008****2008/EES/58/03****frá 6. júní 2008****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2008 frá 25. apríl 2008 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/141/EB frá 22. desember 2006 um ungbarnablöndur og stoðblöndur og um breytingu á tilskipun 1999/21/EB <sup>(2)</sup>.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2006/141/EB fellur úr gildi tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/321/EBE, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum <sup>(3)</sup>.
- 4) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

XII. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Brotti falli texti liðar 54a (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/321/EBE).
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54w (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/21/EB):  
„– **32006 L 0141**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/141/EB frá 22. desember 2006 (Stjtið. ESB L 401, 30.12.2006, bls. 1).“
3. Eftirfarandi bætist við á eftir lið 54zzzz (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006):  
„54zzzv. **32006 L 0141**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/141/EB frá 22. desember 2006 um ungbarnablöndur og stoðblöndur og um breytingu á tilskipun 1999/21/EB (Stjtið. ESB L 401, 30.12.2006, bls. 1).  
Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:
  - a) Eftirfarandi undirliðir bætist við í 11. gr.:
    - *á íslensku*: „Ungbarnablöndu“ og „Stoðblöndu“,
    - *á norsku*: „morsmelkerstatning“ og „tilskuddsblanding“.
  - b) Eftirfarandi undirliðir bætist við í 12. gr.:
    - *á íslensku*: „Ungbarnamjólk“ og „Mjólkurstoðblöndu“,
    - *á norsku*: „morsmelkerstatning basert på kumelk“ og „tilskuddsblanding basert på kumelk“.

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2006/141/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 223, 21.8.2008, bls. 40, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 21.8.2008, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 401, 30.12.2006, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 175, 4.7.1991, bls. 35.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júní 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júní 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Alan Seatter***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 63/2008****2008/EES/58/04****frá 6. júní 2008****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við  
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2008 frá 25. apríl 2008 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1323/2007 frá 12. nóvember 2007 um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu að því er varðar fírókoxíð <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1353/2007 frá 20. nóvember 2007 um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu að því er varðar mónensín, lasalósíð og tylvalósín <sup>(3)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „– **32007 R 1323**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1323/2007 frá 12. nóvember 2007 (Stjtið. ESB L 294, 13.11.2007, bls. 11),
- **32007 R 1353**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1353/2007 frá 20. nóvember 2007 (Stjtið. ESB L 303, 21.11.2007, bls. 6).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1323/2007 og 1353/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júní 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 223, 21.8.2008, bls. 42, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 21.8.2008, bls. 15.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 294, 13.11.2007, bls. 11.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 303, 21.11.2007, bls. 6.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júní 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Alan Seatter***

formaður.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 65/2008**

2008/EES/58/05

frá 6. júní 2008

**um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/2008 frá 25. apríl 2008 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana (endursamin) <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB frá 14. júní 2006 um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana (endursamin) <sup>(3)</sup>.
- 4) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2006/48/EB fellur úr gildi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum <sup>(4)</sup>.
- 5) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2006/49/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 93/6/EBE, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum <sup>(5)</sup>.
- 6) Tilskipanir 2006/48/EB og 2006/49/EB eru endursamdar útgáfur gerðanna sem felldar eru úr gildi og ber því að viðhalda að hluta núverandi aðlögunarákvæðum vegna hinna síðarnefndu í EES-samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*I. gr.*

IX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. 14. liður (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB) hljóði svo:

„**32006 L 0048:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana (endursamin) (Stjtið. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 1).“

Beita skal bráðabirgðaráðstöfunum sem mælt er fyrir um í viðaukum við aðildarlögin frá 16. apríl 2003 að því er varðar Kýpur (2. kafli VII. viðauka), Ungverjaland (2. liður 2. kafla X. viðauka), Pólland (2. liður 3. kafla XII. viðauka) og Slóveníu (4. liður 3. kafla XIII. viðauka) í tengslum við tilskipun 2000/12/EB, að breyttu breytanda.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Eftirfarandi bætist við í 2. gr.:

„– á Íslandi byggingarsjóðir ríkisins.“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 223, 21.8.2008, bls. 49, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 21.8.2008, bls. 22.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 201.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 126, 26.5.2000, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 141, 11.6.1993, bls. 1.

b) 2. mgr. 10. gr. hljóði svo:

„Samningsaðila er heimilt að gefa leyfi til áframhaldandi rekstrar lánastofnana sem fyrir voru 1. janúar 1994, enda þótt eiginfé þeirra nái ekki þeim stofnfjármörkum sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 9. gr. Eiginféð má þá ekki verða minna en sem nemur hæsta gildi þess frá 2. maí 1992 að telja.“

c) Ákvæði 2. og 3. mgr. 38. gr. gilda ekki.

d) Hvenær sem samningsaðili tekur þá ákvörðun að stofna til viðræðna samkvæmt 39. gr. tilskipunarinnar skal það tilkynnt sameiginlegu EES-nefndinni. Samningsaðilar skulu hafa með sér samráð um aðgerðir, á vettvangi sameiginlegu EES-nefndarinnar, hvenær sem gagnkvæmir hagsmunir eru í húfi.“

2. 31. liður (tilskipun ráðsins 93/6/EBE) hljóði svo:

**32006 L 0049:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB frá 14. júní 2006 (Stjttíð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 201).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í stað orðanna „tilkynningardag samkvæmt tilskipun 93/6/EBE“ í annarri undirgrein 1. mgr. 10. gr. komi orðin „gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94, en í henni er kveðið á um innfellingu tilskipunar 93/6/EBE í samninginn“.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2006/48/EB og 2006/49/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júní 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júní 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Alan Seatter***

formaður.

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 66/2008

2008/EES/58/06

frá 6. júní 2008

## um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/2008 frá 25. apríl 2008 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/18/EB frá 27. mars 2007 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB að því er tekur til þess hvort tiltekna stofnanir falla utan gildissviðs hennar eða undir það og meðferðar á áhættuskuldbindingum fjölþjóðlegra þróunarbanka <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í 14. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB) í IX. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32007 L 0018:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/18/EB frá 27. mars 2007 (Stjtið. ESB L 87, 28.3.2007, bls. 9).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2007/18/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júní 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup> eða gildistökuðag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2008 frá 6. júní 2008, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júní 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

*Alan Seatter*

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 223, 21.8.2008, bls. 49, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 21.8.2008, bls. 22.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 87, 28.3.2007, bls. 9.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 67/2008****2008/EES/58/07****frá 6. júní 2008****um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2008 frá 1. febrúar 2008 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/804/EB frá 6. desember 2007 um breytingu á ákvörðun 2002/627/EB um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila með rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 5ci (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/627/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„– **32007 D 0804**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/804/EB frá 6. desember 2007 (Stjtið. ESB L 323, 8.12.2007, bls. 43).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2007/804/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júní 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júní 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Alan Seatter**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 154, 12.6.2008, bls. 23, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 33, 12.6.2008, bls. 18.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 323, 8.12.2007, bls. 43.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 68/2008

2008/EES/58/08

frá 6. júní 2008

## um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/2008 frá 25. apríl 2008 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/756/EB frá 9. nóvember 2007 um samþykkt sameiginlegrar forskriftar fyrir landsskrá ökutækja sem kveðið er á um í 4. og 5. mgr. 14. gr. í tilskipunum 96/48/EB og 2001/16/EB <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 37d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/16/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„37da. **32007 D 0756**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/756/EB frá 9. nóvember 2007 um samþykkt sameiginlegrar forskriftar fyrir landsskrá ökutækja sem kveðið er á um í 4. og 5. mgr. 14. gr. í tilskipunum 96/48/EB og 2001/16/EB (Stjtið. ESB L 305, 23.11.2007, bls. 30).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2007/756/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júní 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júní 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

*Alan Seatter*

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 223, 21.8.2008, bls. 50, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 21.8.2008, bls. 23.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 305, 23.11.2007, bls. 30.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 69/2008****2008/EES/58/09****frá 6. júní 2008****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/2008 frá 25. apríl 2008 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 181/2008 frá 28. febrúar 2008 um sérstakar ráðstafanir til framkvæmdar reglugerð ráðsins (EB) nr. 718/1999 um stefnu Bandalagsins varðandi flutningsgetu flotans er miðar að því að efla flutninga á skipgengum vatnaleiðum (kerfisbundin útgáfa) <sup>(2)</sup>.
- 3) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 181/2008 fellur úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 805/1999 <sup>(3)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Líður 45b (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 805/1999) í XIII. viðauka við samninginn hljóði svo:

„**32008 R 0181**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 181/2008 frá 28. febrúar 2008 um sérstakar ráðstafanir til framkvæmdar reglugerð ráðsins (EB) nr. 718/1999 um stefnu Bandalagsins varðandi flutningsgetu flotans er miðar að því að efla flutninga á skipgengum vatnaleiðum (kerfisbundin útgáfa) (Stjtið. ESB L 56, 29.2.2008, bls. 8).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 181/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júní 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júní 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Alan Seatter**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 223, 21.8.2008, bls. 50, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 21.8.2008, bls. 23.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 56, 29.2.2008, bls. 8.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 102, 17.4.1999, bls. 64.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 70/2008****2008/EES/58/10****frá 6. júní 2008****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/2008 frá 25. apríl 2008 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 8/2008 frá 11. desember 2007 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 að því er varðar sameiginlegar tæknikröfur og stjórnsýslumeðferð sem gilda um flutningaflug <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66a (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91) í XIII. viðauka við samninginn:

„– **32008 R 0008**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 8/2008 frá 11. desember 2007 (Stjtið. ESB L 10, 12.1.2008, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 8/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júní 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júní 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Alan Seatter**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 223, 21.8.2008, bls. 50, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 21.8.2008, bls. 23.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 10, 12.1.2008, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 71/2008

2008/EES/58/11

frá 6. júní 2008

## um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/2008 frá 25. apríl 2008 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á sameiginlegu, evrópsku flugumferðarsvæði <sup>(2)</sup>, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu á sameiginlega, evrópska flugumferðarsvæðinu <sup>(3)</sup>, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftrýmis á sameiginlega, evrópska flugumferðarsvæðinu <sup>(4)</sup> og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska flugumferðarstjórnkerfisins <sup>(5)</sup> voru felldar inn í samninginn samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2006 frá 2. júní 2006 <sup>(6)</sup> ásamt sértækum aðlögunarákvæðum fyrir tiltekin lönd.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1315/2007 frá 8. nóvember 2007 um öryggisefirlit með rekstrarstjórnun flugumferðar og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2096/2005 <sup>(7)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XIII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 66y (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2150/2005):  
„66ya. **32007 R 1315**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1315/2007 frá 8. nóvember 2007 um öryggisefirlit með rekstrarstjórnun flugumferðar og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2096/2005 (Stjtið. ESB L 291, 9.11.2007, bls. 16).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 66x (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2096/2005):  
„eins og henni var breytt með:  
– **32007 R 1315**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1315/2007 frá 8. nóvember 2007 (Stjtið. ESB L 291, 9.11.2007, bls. 16).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1315/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 223, 21.8.2008, bls. 50, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 21.8.2008, bls. 23.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 10.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 20.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 26.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 245, 7.9.2006, bls. 18, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 44, 7.9.2006, bls. 15.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 291, 9.11.2007, bls. 16.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júní 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júní 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Alan Seatter***

formaður.

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 72/2008****2008/EES/58/12****frá 6. júní 2008****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/2008 frá 25. apríl 2008 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 331/2008 frá 11. apríl 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66zab (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006) í XIII. viðauka við samninginn:

„– **32008 R 0331**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 331/2008 frá 11. apríl 2008 (Stjtið. ESB L 102, 12.4.2008, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 331/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júní 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(3\*)</sup>.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júní 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Alan Seatter**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 223, 21.8.2008, bls. 50, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 21.8.2008, bls. 23.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 102, 12.4.2008, bls. 3.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 73/2008****2008/EES/58/13****frá 6. júní 2008****um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2008 frá 25. apríl 2008 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 um flutning úrgangs <sup>(2)</sup>.
- 3) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1013/2006 falla úr gildi 12. júlí 2007 reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 <sup>(3)</sup> og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/774/EB <sup>(4)</sup>, en þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær úr samningnum.
- 4) Viðhalda ber efnislega nógildandi aðlögunarákvæðum að því er varðar Liechtenstein vegna reglugerðar (EBE) nr. 259/93 og ákvörðunar 94/774/EB.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Liður 32c (reglugerð ráðsins (EB) nr. 259/93) hljóði svo:

„**32006 R 1013**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 (Stjtið. ESB L 190, 12.7.2006, bls. 1).

Beita skal bráðabirgðaráðstöfunum sem mælt er fyrir um í viðaukum við aðildarlögin frá 16. apríl 2003 að því er varðar Lettland (1. liður B-þáttar í 10. kafla VIII. viðauka), Ungverjaland (1. liður A-þáttar í 8. kafla X. viðauka), Möltu (1. liður B-þáttar í 10. kafla XI. viðauka), Pólland (1. liður B-þáttar í 13. kafla XII. viðauka) og Slóvakíu (1. liður B-þáttar í 9. kafla XIV. viðauka) í tengslum við reglugerð (EBE) nr. 259/93, að breyttu breytanda.

Beita skal bráðabirgðaráðstöfunum sem mælt er fyrir um í viðaukum við aðildarlögin frá 25. apríl 2005 að því er varðar Búlgaríu (1. liður B-þáttar í 10. kafla VI. viðauka) og Rúmeníu (1. liður B-þáttar í 9. kafla VII. viðauka) í tengslum við reglugerð (EBE) nr. 259/93, að breyttu breytanda.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Að því er varðar útflutning á úrgangi til endurnýtingar (2. kafli IV. bálks reglugerðarinnar) telst Liechtenstein land sem OECD-ákvörðunin tekur til.
- b) Þegar um ræðir spilliefni sem send eru frá Liechtenstein til förgunar eða endurnýtingar í Sviss er heimilt að nota svissnesk tilkynningar- og flutningsskjöl í stað stöðluðu eyðublaðanna sem fylgja reglugerðinni.
- c) Orðin „eða tollsvæði EFTA-ríkjanna“ bætist við á eftir orðunum „tollsvæði Bandalagsins“ í 29. mgr. 2. gr.“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 223, 21.8.2008, bls. 54, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 21.8.2008, bls. 25.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 190, 12.7.2006, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 30, 6.2.1993, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 310, 3.12.1994, bls. 70.

2. Í stað orðanna „og getið er um í reglugerð (EBE) 259/93“ í lok málsliðar í aðlögunarákvæðum með lið 32aa (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB) komi orðin „og getið er um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006“.
3. Texti liðar 32ca (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/774/EB) falli brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1013/2006, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júní 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júní 2008.

